

## Jónsmessunefnd

Fundargerð

8. maí 2024

**Mætt:** Aðalsteinn Þorsteinsson, Guðni Geir Einarsson, Hermann Sæmundsson, Hilda Hrund Cortez, Heiða Björg Hilmisdóttir, Arnar Þór Sævarsson, Einar Þorsteinsson og Anna Gunnhildur Ólafsdóttir.

**1. Kostnaður og ábyrgðarskipting ríkis og sveitarfélaga í þjónustu við fatlað fólk – Svanhvít Jakobsdóttir, skrifstofustjóri í félags- og vinnumarkaðsráðuneyti, flytur kynningu um stöðuna. Með henni á fundinum var Jóna Guðný Eyjólfsdóttir, skrifstofustjóri í sama ráðuneyti.**

SJ flutti kynningu um kostnað og ábyrgðarskiptingu ríkis og sveitarfélaga í þjónustu við fatlað fólk. Fram kom að stefnt væri að því að framhalds starfshópur um tillögur um kostnaðarskiptingu ríkis og sveitarfélaga skilaði niðurstöðu í byrjun júní. Jafnframt væru að störfum (1) starfshópur um samræmda skráningu upplýsinga og skilvirkari gagnaöflun, (2) framtíðarhópur um þróun og nýsköpun í þjónustu við fatlað fólk til að auka gæði og hagkvæmni og (3) eftirfylgni hópur um framkvæmd verkefna samkvæmt samkomulagi ríkis og sveitarfélaga frá því í desember sl.

Fulltrúar sveitarfélaganna bentu á að viðbótarframlag til málaflokksins dygði ekki til að standa straum af kostnaði við lögbundnar skyldur sveitarfélaga við fatlað fólk, t.a.m. varðandi búsetu. Fram kom að Reykjavíkurborg stæði frammi fyrir fjölda málsókna frá fötluðu fólki vegna kröfu þess um þjónustu á grundvelli gildandi laga. Fulltrúarnir lögðu áhersla á að vinnu starfshóps um kostnaðarskiptingu yrði flýtt til að sveitarfélögin gætu skipulagt þjónustu sína í nútíð og framtíð.

Bent var á að taka þyrfti mið af hagkvæmni í stefnumótun, líta til lagaramma og nýsköpunar í þjónustu. Nefndarfolk þáðu boð GEG um greiningu á því hversu nýjasta framlag ríkisins til málaflokks fatlaðs fólks næði langt upp í halla í málafloknum á næsta fund Jónsmessunefndar í júní.

**2. Samkomulag ríkis og sveitarfélaga – stöðutaka verkefna (GÖ og AGÓ).**

AGÓ lagði fram samantekt á stöðu sameiginlegra verkefna ríkis og sveitarfélaga frá árinu 2021. Samkomulag varð um að fulltrúar sveitarfélaganna myndu yfirfara listann og bæta við upplýsingum ef þurfa þætti fyrir næsta fund Jónsmessunefndar. Jafnframt fóru fram umræður um skuldaviðmið reglugerðar með tilliti til B-hluta fyrirtækja sveitarfélaga.

**3. Stafræn þjónusta – stefnumótun í samræmi við sveitarstjórnaráætlun (APS).**

APS lagði fram minnisblað um samþættingu í stafrænni vegferð hins opinbera. Lagt er til að stofnaður verði starfshópur með fulltrúum frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga, innviðaráðuneyti, fjármála- og efnahagsráðuneyti, Stafrænu Íslandi og Reykjavíkurborg

um verkefnið. Miðað verði við að starfshópurinn skili minnisblaði með tillögum að sviðsmyndum til Jónsmessunefndar á næsta fundi nefndarinnar í júní. HS sagði að fulltrúar ríkisins myndu svara erindinu með tölvupósti von bráðar.

**4. Staðan í Grindavík – Aðalsteinn Þorsteinsson gerir grein fyrir stöðu mála (AÞ).**

Fram kom að innviðaráðherra hefði talað fyrir stofnun sérstaks framkvæmdahóps um málefni Grindavíkur á þingi á mánudag. Með hliðsjón af jákvæðum undirtektum stæði vonir til að málið fengi hraða afgreiðslu á þingi.

Í framhaldi af innlegginu fóru fram umræður um hvernig ætti að fjármagna kostnað við skólagöngu barna frá Grindavík í grunnskólum í öðrum sveitarfélögum. Fram kom í máli fulltrúa ríkisins að bæði fjármagn og heimildir væru fyrir hendi til að Jöfnunarsjóður sveitarfélaga gæti komið að fjármögnuninni.

**5. Önnur mál.**

Engin önnur mál voru tekin fyrir á fundinum.

*Fundurinn stóð yfir frá 13.00 til 14.30.*